



## ATVINNU-, FERÐA- OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS 2022 – 2026

1. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn mánudaginn 29. ágúst 2022 kl. 15:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Herbert Hauksson, varaformaður í forföllum Ragnhildar S. Eypórsdóttur, Arna Þöll Sigmundsdóttir og Elvar Harðarsson.

Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Varaformaður setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár.

### 1. Kynning á starfi nefndarinnar og helstu verkefnum.

Varaformaður fór yfir helstu verkefni nefndarinnar. Nefndin leggur til að unnið verði erindisbréf fyrir nefndina.

### 2. Flúðir um Versló.

Nefndin er ánægð með hvernig hátíðin tókst. Hún vakti mikla athygli og dró að sér mikinn fjölda gesta. Rætt um þá dagskrárliði sem eru mest sérstakir og einkennandi fyrir hátíðina, furðubátakeppnin og traktorstorfæran, en báðir viðburðirnir voru sérlega vel lukkaðir. Gaman væri að endurvekja áhuga eldri kynslóðarinnar á að taka þátt í furðubátakeppninni eins og einu sinni var. Nefndinni hefur borist til eyrna óánægja með fyrirkomulag við leiktæki í lystigarðinum og þá sérstaklega gjaldtöku og biðraðir í tækin. Nefndarmenn eru sammála um að rétt sé að skoða þetta fyrirkomulag fyrir næstu hátíð. Einnig að nefndin og sveitarfélagið komi fyrir og meira að undirbúningi en nú var gert. Nefndin þakkar Bergsveini B. Theódórssyni fyrir frumkvæði og einstakan dugnað við skipulagningu og framkvæmd hátíðarinnar.

### 3. Uppskeruhátíð í byrjun september.

Varaformaður kynnti dagskrá hátíðarinnar. Hátíðin verður auglýst með samlesnum auglýsingum á RÚV og Rás2 og með heilsíðu í Dagskránni auk þess sem viðburðinum eru gerð skil á heimasíðu og sérstakri facebook síðu. Vonast nefndin eftir góðri þátttöku gesta og heimamanna.

**4. Vinna við fyrirhugaða atvinnumálastefnu þriggja sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu.**

Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur í samstarfi við SASS og ferðamálafulltrúa hafa tekið ákvörðun um að ráðast í gerð atvinnumálastefnu fyrir sveitarfélögin þrjú. Atvinnumálþing verður haldið í fyrstu viku október sem verði eins konar upptaktur að vinnunni sem framundan er. Nefndin fagnar þessu framtaki og vonast til þess að vinnan muni skila góðum árangri.

**5. Önnur mál.**

Rætt um þann vanda sem salernisleysi í þéttbýlinu er að valda gestum sveitarfélagsins. Nefndin leggur áherslu á að leitað verði lausna á þessu verkefni sem allra fyrst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:56.